



Vísitala heildarlauna og launavísitalan – mismunandi þróun milli markaða

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hækkaði launavísitalan um 10,5% milli ára á fyrsta ársfjórðungi 2021. Á sama tíma hækkaði vísitala heildarlauna um 10,8%.

Heildarlaun eru samtala allra launa einstaklinga og eru fengin úr staðgreiðslugögnum. Launavísitalan byggir hins vegar á launarannsókn Hagstofunnar og tímakaupi reglulegra launa í hverjum mánuði. Mæld eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Í þeim launum eru hvers konar álags- og bónusgreiðslur, svo sem föst yfirvinna, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili.

Þessar tvær vísitölur koma því úr tveimur mismunandi áttum og eru ekki að mæla nákvæmlega það sama þó sömu einstaklingar og tímabil séu undir. Á einfaldan hátt má segja að launavísitölunni sé ætlað að mæla þróun reglulegra eða fastra launa sem gerð eru upp á hverju tímabili fyrir sig. Heildarlaunin mæla öll staðgreiðsluskyld laun og felst meginmunurinn í óreglulegum yfirvinnugreiðslum.


Mikill munur milli markaða

Ekki var mikill munur á ársbreytingu launavísitölu og vísitölu heildarlauna á fyrsta ársfjórðungi 2021. Sé litið á þróunina á almenna og opinbera markaðnum hvorum fyrir sig kemur hins vegar mikill munur í ljós. Á almenna markaðnum hækkuðu heildarlaunin töluvert meira en launavísitalan, 12,6% á móti 8,6%. Þessu var algerlega öfugt farið á opinbera markaðnum þar sem heildarlaunin hækkuðu mun minna en launavísitalan, 10,8% á móti 15,9%.

Liggur skýringin í mismunandi þróun vinnutíma?


Nærtækasta skýringin á þessum mun milli markaða væri að vinnutíminn væri að breytast með mismunandi hætti, að lengjast á almenna markaðnum, en að stytast á þeim opinbera.

Ársbreyting heildarlauna á 1. ársfjórðungi 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launavísitala og heildarlaun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Nákvæmar mælingar á vinnutíma milli markaða eru ekki fyrir hendi, en sé litið á vinnutímamælingar í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands má sjá að venjulegur vinnutími allra í úrtakinu styttist um 0,4 stundir á milli 1. ársfjórðunga 2020 og 2021. Á bak við 0,4 stunda styttingu vinnutíma eru auðvitað ýmsar undirstærðir, en það er þó ekki alveg augljóst að vinnutími á almenna markaðnum hafi almennt aukist á þessu tímabili.

Vinnutími á opinbera markaðnum er hins vegar að styttest í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Munurinn á 16% hækkun launavísitölu og 11% hækkun heildarlauna er hins vegar nokkuð mikill og erfitt að sjá að stytting vinnutíma skýri þá stöðu að fullu.


Þróun innan einstakra greina

Sé litið á þróun launavísitölu og heildarlauna innan nokkurra atvinnugreina á almenna markaðnum sést að staðan er mismunandi. Sums staðar hefur launavísitalan hækkað meira en heildarlaunin og annars staðar er þessu öfugt farið. Af sjö greinum hækkar launavísitalan meira í fjórum og heildarlaunin meira í þremur. Heildarlaunin hækka áberandi minna en launavísitalan í veitum og gisti- og veitingarekstri. Þar er um tvær greinar að ræða sem urðu væntanlega fyrir mjög mismunandi áhrifum af faraldrinum þannig að erfitt er að greina ástæður þessa munar.

Erfitt að skýra ástæður


Yfir lengri tíma breytast vísitala heildarlauna og launavísitalan yfirleitt með svipuðum hætti og svo var einnig á milli 1. ársfjórðunga 2020 og 2021. Það er hins vegar ljóst að þróunin á milli markaða getur verið mjög mismunandi á ákveðnum tímabilum. Yfirleitt ber að varast að draga of miklar ályktanir af breytingum á einstökum tímabilum, en sá munur sem hér hefur verið reifaður er athyglisverður. Í því sambandi ber einnig að hafa í huga að önnur vísitalan byggir á úrtaksrannsókn á vinnumarkaði en hin á skattgögnum.

Launavísitala og heildarlaun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launavísitala og vísitala heildarlauna



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.